

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 251/2014

2015/EES/61/07

frá 13. nóvember 2014

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðila að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 254/2014 frá 26. febrúar 2014 um neytendaáætlun til margra ára fyrir tímabilið 2014–2012 og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1926/2006/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að þátttaka EFTA-ríkjanna í starfsemi sem leiðir af reglugerð (ESB) nr. 254/2014 hefjist 1. janúar 2014, óháð því hvenær þessi ákvörðun verður samþykkt eða hvort tilkynnt er um það eftir 10. júlí 2014 að stjórnskipulegum skilyrðum vegna þessarar ákvörðunar, ef einhver eru, hafi verið fullnægt.
- 3) Aðilum sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum skal vera heimilt að taka þátt í starfsemi sem hefst áður en þessi ákvörðun öðlast gildi. Kostnaðurinn sem stofnað er til vegna slíkrar starfsemi, sem hefst eftir 1. janúar 2014, getur talist styrkhæfur samkvæmt sömu skilyrðum og gilda um kostnað sem aðilar með staðfestu í aðildarríkjum ESB hafa stofnað til, að því tilskildu að þessi ákvörðun öðlist gildi áður en viðkomandi aðgerð lýkur.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2014 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði 6. gr. bókunar 31 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 3a:

„3b. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 2014 að telja, taka þátt í eftirfarandi áætlun:

- **32014 R 0254**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 254/2013 frá 26. febrúar 2014 um neytendaáætlun til margra ára fyrir tímabilið 2014–2012 og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1926/2006/EB (Stj. tíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 42).

Heimilt er að telja kostnað við starfsemi, sem er hrint í framkvæmt eftir 1. janúar 2014, styrkhæfan frá og með upphafi aðgerðarinnar samkvæmt viðkomandi styrksamningi eða styrkákvrðun, að því tilskildu að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2014 frá 13. nóvember 2014 öðlist gildi áður en aðgerðinni lýkur.

Liechtenstein er undanþegið þátttöku í og fjárframlögum til þessarar áætlunar.“

2. Texti 4. mgr. hljóði svo:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirrar starfsemi sem um getur í málsgreinum 3, 3a og 3b, í samræmi við stafl. a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

3. Texti 5. mgr. hljóði svo:

„EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um þá starfsemi sem um getur í málsgreinum 3, 3a og 3b, taka fullan þátt í starfi EB-nefnda og annarra stofnana sem eru framkvæmdastjórn EB til aðstoðar við stjórnun eða mótun þessarar starfsemi, þó án atkvæðisréttar.“

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 42.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kurt Jäger***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.